

Fimmtudaginn 22. janúar 1987.

Nr. 1/1987. **M**

gegn

K og

Barða Þórhallssyni bæjarfógeta.

Kærumál. Öflun sönnunargagna. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1986, en hann fékk vitneskju um hinn kærða úrskurð 16. s.m. og barst kæran Hæstarétti 5. janúar 1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi „og dómara beri að láta gera umbeðna blóðrannsókn.“ Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, en varnaraðila K var samkvæmt gögnum, sem bárust Hæstarétti 20. þ.m., tilkynnt um kærana 20. desember sl.

Með bréfi 26. maí 1986 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit við bæjarfógetann á Ólafsfirði, að hann hlutaðist til um að gerð yrði blóðrannsókn á varnaraðila K og syni hennar D, sem fæddur er ..., til þess að fá úr því skorið hvort sóknaraðili geti verið faðir hans. Sóknaraðili hafði á sínum tíma undirritað faðernisviðurkenningu um að hann væri faðir drengsins og bæjarfógetinn á Akureyri kvað upp meðlagsúrskurð á hendur sóknaraðila hinn 19. júlí 1971.

Skilja verður framangreint bréf lögmanns sóknaraðila sem beiðni um öflun sönnunargagna, sem rennt geti stoðum undir kröfugerð sóknaraðila í dómsmáli, sem hann kunni síðar að höfða gegn K til ógildingar á faðernisviðurkenningu hans.

Mál höfðað í framangreindu skyni mundi eiga að reka sem einkamál. Ef úrskurða þurfti um beiðni sóknaraðila bar að gera það á bæjarþingi en ekki í sakadómi. Um málskot á synjunarúrskurði hefði þá farið eftir þeim réttarreglum sem gilda í einkamálum. Nú tók héraðsdómari beiðni sóknaraðila fyrir í sakadómi og kvað upp úrskurð sinn í þeim dómi. Af því þykir þó ekki fortakslaust eiga

að leiða, að úrskurðinn hafi ekki mátt bera undir Hæstarétt nema kæru væri lýst innan þess frests sem til er tekinn í upphafsákvæði 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Verður að telja að eins og hér stóð á hafi sóknaraðili, allt um þennan annmarka á málsmeðferðinni, mátt kæra úrskurðinn til Hæstaréttar á þeim fresti sem settur er í 22. gr. laga nr. 75/1973, sbr. f-lið 1. tl. 21. gr. þeirra laga.

Þar sem héraðsdómari kvað úrskurðinn upp í sakadómi og gerði eigi heldur, svo að séð verði, varnaraðila K aðvart um beiðnina, áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, þykir ekki verða komist hjá því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Kemur þá ekki til álita, hvort lög hafi annars staðið til þess að taka hefði átt til greina þá beiðni sóknaraðila, sem lögð var fyrir héraðsdómara.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Ólafsfjarðar 5. nóvember 1986.

Með bréfi dags. 26. maí 1986 fer Jón Kr. Sólnes hrl. þess á leit að gerð verði blóðrannsókn á K og syni hennar D til að fá úr því skorið hvort umbjóðandi hans M geti verið faðir drengsins D.

Málavextir:

Þann 19. júlí 1971 kvað bæjarfógetinn á Akureyri upp meðlagsúrskurð á hendur sóknaraðila eftir að hann hafði skrifað undir faðernisviðurkenningu um að hann væri faðir drengsins D.

Nú telur sóknaraðili að varnaraðili hafi haft mök við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins og að auki hafi hann ekki haft mök við varnaraðila á líklegasta getnaðartíma barnsins.

Niðurstaða:

Sóknaraðili telur sig hafa með svikum verið látinn undirrita faðernisviðurkenningu. Ljóst er að skv. 2. mgr. 58. gr. barnalaga nr. 9, 1981 er III. og IV. kafla þeirra einungis ætlað að taka til þeirra barna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna en lögin tóku gildi 1. janúar 1982. Í 3. kafla laganna er í 10. gr. fjallað um það ef faðernisviðurkenning er fengin með svikum. Drengurinn, sem hér um ræðir, er orðinn 15 ára gamall og því tæplega 11 ára er lögin tóku gildi.

Samkvæmt því og með vísun til 13. gr. barnalaganna og 5. mgr. 58. gr. s.l. ber að hafna beiðni um blóðrannsókn á varnaraðila og syni hennar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er beiðni um blóðrannsókn á varnaraðila og syni hennar í máli þessu.

Fimmtudaginn 22. janúar 1987.

Nr. 7/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ágúst Þór Sigurðssyni

Atla Þór Jóhannessyni

Einari Sturlusyni

Matthildi Kristensdóttur og

Bergmanni Gunnarssyni

Kærumál. Ákæra. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 8. janúar 1987 með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, en þann dag virðist hann fyrst hafa fengið vitneskju um uppsögu dómsins. Barst kærán Hæstarétti 9. janúar 1987. Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu á hendur ákærðu 8. ágúst 1986.

Héraðsdómari hefur tilkynnt ákærðu um kæruna en frá þeim hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ekkert hinna ákærðu heldur uppi vörnum í málinu. Þeim var öllum birt ákæran í sakadómi og yfirheyrð þar um málsatvik. Af